

## Rafgítar

Á liðnum áratugum hafa fá hljóðfæri notið meiri vinsælda en gítarinn. Hann er vinsæll í klassískri tónlist og djasstónlist en nánast ómissandi í rokk-, blús- og popptónlist. Auk þess er hann algengastur undirleikshljóðfæra við alþýðusöng.



Miðað við flest önnur hljóðfæri á rafgítarinn sér stutta sögu. Fyrstu heimildir um rafgítar eru frá 1932 og fyrsta upptaka frá 1938. Það var einkum þörfin fyrir hljómsterkari gítar í stórsveitum sem varð til þess að rafgítarinn var fundinn upp. Ólíkt klassískum gítar, sem er með nælonstrengjum, eru stálstrengir í rafgítarum. Hljóð frá strengjunum er numið af „pick up“ gítarsins sem breytir því í rafbylgjur sem síðan eru sendar með snúru í gítarmagnara þar sem hægt er að hafa áhrif á tóninn og magna upp hljóðið nánast endalaust. Tilgangur tækninnar er að hljóðfæraleikarinn öðlist annars vegar góðan og persónulegan tón en hins vegar breytilegan tón, viðeigandi fyrir ólíka tónlistarstíla. Mikilvægt er því að gítarnemendur öðlist haldgóða þekkingu á mögnurum, jaðartækjum og tónbreytum. Oftast er leikið á rafgítar með gítarnögl en einnig með fingrum og stöku sinnum með fiðluboga eða með ýmsum öðrum óhefðbundum ásláttaraðferðum.

Margir rafgítarleikarar byrja að spila ungir að aldri og flestir nemendur geta notað venjulegan rafgítar frá um það bil 10 ára aldri. Til eru rafgítarar í barnastærð en þeirra er yfirleitt ekki þörf og það eru sjaldan vönduð hljóðfæri. Rafgítarleikarar byrja oft ekki í hefðbundnu námi fyrr en þeir hafa leikið á hljóðfærið í nokkur ár. Þeir eru því oft nokkuð vel að sér varðandi algengustu hljóma en hafa yfirleitt litla eða enga reynslu í nótnalestri er þeir hefja nám. Nauðsynlegt er að taka mið af þessu í kennslunni. Einnig er mikilvægt að kenna nemendum rétta líkamsbeitingu og að varast alla spennu í líkamanum þegar leikið er.

Þessi námskrá er einnig ætluð nemendum sem leika á rafmagnaðan kassagítar í stað rafgítars sem og nemendum sem nýta bæði hljóðfærin jöfnum höndum.

*(Aðalnámskrá tónlistarskóla)*